

**Ed.**

**397. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skemtanaskatt.

Frá allsherjarnefnd.

Dráttur sá, sem orðið hefir á afgreiðslu máls þessa, stafar af því, að nefndinni hafa borist tilmæli úr ýmsum áttum í þá átt, að skattinum verði alls ekki varið til venjulegra sveitarþarfa, heldur til stuðnings listum eða líknarstarfsemi.

Nefndin er nú sammála um, að rjett sje að halda þessa leið, en vegna þess, að misjafnt hagar til í sveitarfjelögum, virðist ógerlegt að setja neinar allsherjarreglur um, hvernig verja skuli skattinum á hverjum stað, og því sje hjer um fyrirkomulagsatriði að ræða, er kveða verður á um í reglugerð, og það því fremur, sem ástæður geta verið til að deila skattinum, eða að engin líknarstarfsemi eða listarviðleitni eigi sjer stað í sumum sveitum, þær er stuðnings þyki verðar. En þar mætti þá ánafna ellistyrktarsjóði allan skattinn.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

## BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

Með reglugerð, sem bæjarstjórn eða hreppsnefnd semur og dómsmálaráðherra staðfestir, skal heimilt að leggja skatt á skemtanir fyrir almenning, sem aðganga er seld að. Undantekningar frá skattgjaldsgreiðslu veitir bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er sjerstakar ástæður mæla með því, t. d. fyrir skemtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða fræðslu, til að halda uppi listum o. s. frv.

2. Við 2. gr.

a. Í stað orðanna »mismunandi hárl« komi:  
mishár.

b. Aftan við greinina bætist:

Hann rennur í bæjarsjóð eða sveitar, en eigi má skattinum verja til venjulegra sveitarþarfa eða til að draga úr byrðum skattgreiðenda.

3. Við 5. gr.

Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 24. júní 1918.

Guðjón Guðlaugsson,  
formaður.

Jóh. Jóhannesson,  
fundaskrifari.

Magnús Torfason,  
ritari.